

# Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða

Lágmúla 7, 108 Reykjavík, kt. 571299-3059

<http://www.bokis.is>

## Framkvæmdaáætlun stjórnar 2005-2006

1. Rekstur og uppbygging skrifstofu félagsins, s.s. að svara erindum og fyrirspurnum sem berast. Koma ýms-um upplýsingum sem berast félaginu, s.s. um ráðstefnur erlendis, á framfæri við félagsmenn um póstlista félagsins og/eða í *Fregnum*. Sinna tengslum við og halda utan um störf nefnda, fulltrúa, starfshópa og áhugahópa sem vinna á vegum félagsins. Skipuleggja, byggja upp og halda við vefsetri félagsins [www.upplýsing.is](http://www.upplýsing.is). Ganga frá skjölum fyrri félaga að lokinni skráningu sögu þeirra og finna þeim geymslustað. Viðhalda félagatali og útsendingarlistum *Fregna* og *Bókasafnsins*. Stefnt er að aukinni ráðningu starfsfólks á starfsárinu.
2. Útgáfa og dreifing fréttabréfsins *Fregna* sem kemur út þrisvar á ári.
3. Endurskipulagning húsnæðismála félagsins.
4. Sinna kynningu á félaginu, innanlands sem utan. Gera kynningarbækling um félagið. Bjóða nemum í bókasafns- og upplýsingafræði á kynningarfund ef næg þátttaka næst.
5. Þátttaka í samstarfi formanna og framkvæmdastjóra norrænna bókavardafélaga og árlegum fundi þeirra svo og þátttaka í annarri norrænni samvinnu eftir því sem við á. Ennfremur þátttaka í evrópsku (s.s. EBLIDA) og alþjóðlegu samstarfi (s.s. IFLA) eftir því sem við á hverju sinni.
6. Halda alþjóðlega dagsráðstefnu um bókasafns- og upplýsingamál 23. ágúst næstkomandi í samvinnu við Bókasafns- og upplýsingafræðiskor Háskóla Íslands.
7. Endurskipulagning starfsemi félagsins í þá veru að auka verkaskiptingu þannig að ákveðnir stjórnarmenn og/eða félagsmenn taki að sér ákveðin verkefni og/eða verkefni.
8. Með júníhefti *Fregna* verða send félagsskírteini til fullgildra félagsmanna í annað skipti. Einnig verður skoðaður sá möguleiki að gefa félagsmönnum kost á nafnspjöldum með einkennismerki Upplýsingar.
9. Athuga endurskoðun siðareglna í samræmi samfélagsþróun.
10. Endurskoða reglur Ferðasjóðs Upplýsingar.
11. Halda opinn samráðsfund með fulltrúum nefnda og fulltrúum félagsins í nefndum og ráðum um starfsemi félagsins og innra starf þess. Slíkan fund skal að jafnaði halda annað eða þriðja hvert ár.
12. Endurmenntun starfsfólks á bókasöfnum m.a. í samstarfi við Endurmenntun HÍ og aðra aðila eftir því sem við á. Standa fyrir fræðslufundum fyrir félagsmenn.
13. Útgáfa fræðsluefnis um nýtingu á upplýsingatækni á heimasíðu félagsins og á prentuðu formi. Menntamálaráðuneyti hefur veitt styrk til verkefnisins að upphæð kr. 350.000 (2001) og kr. 1.000.000 (2003). Bæklingur liggur fyrir í handriti og stefnt er að útgáfu hans fyrir haustið.
14. Ljúka við námsefnis- og námsgagnagerð í framhaldi af námskrá fyrir bókasafnstækni og dreifnámi fyrir starfandi ófaglærða bókaverði sem hófst 13. desember 2003 við Borgarholtsskóla. Menntamálaráðuneyti hefur veitt styrk að upphæð kr. 450.000 (2001) til námsefnis- og námsgagnagerðar og 1.300.000 (2003). Verkefnisstjórn lauk samningagerð við höfunda á árinu 2003.
15. Átak í sölu og dreifingu ritsins *Á LEIÐ TIL UPPLÝSINGAR*, sögu FB og BVFÍ ásamt aðildarfélögum þess (FBR, FAS og Skólavörðunnar) sem út kom í lok ágúst 2004. Bókin spannar sögu bókasafnsfræðinga- og bókavardastéttarinnar frá stofnun BVFÍ 4. des. 1960 þar forverar Upplýsingar voru sameinuð í ársbyrjun 2000. Einnig er fjallað um mótunarár Upplýsingar. Höfundur er Friðrik G. Olgeirsson sagnfræðingur.
16. Efling félagsstarfs. Stefnt er að því að jólagleði, vorferð/haustferð og fræðslufundir verði fastir þættir í félagsstarfinu. Ennfremur kynningar á lokaprófsritgerðum, s.s. meistaraþrófsritgerðum.
17. Stjórn Upplýsingar hefur á stefnuskrá sinni að félagsmenn njóti betri kjara en utanfélagsmenn á þeim námskeiðum og viðburðum sem staðið er fyrir innan vébanda félagsins. Miðað er við a.m.k. 20% afslátt.

*f.h. stjórnar Upplýsingar - Félags bókasafns- og upplýsingafræða*

*Þórdís T. Þórarinsdóttir formaður*

*24. apríl 2005*

*Upplýsing varð til 1. janúar 2000 við sameiningu íslenskra bókavardafélaga og er fagfélag á sviði bókasafns- og upplýsingafræða, m.a. með það markmið að gangast fyrir faglegri umræðu, efla skilning á mikilvægi íslenskra bókasafna og upplýsingamiðstöðva í þágu menningar, menntunar og vísinda og efla samvinnu þeirra.*